



Íþróttamiðstöðin í Laugardal - Engjavegi 6 - 104 Reykjavík

ÍSLANDSMEISTARMÓT Í KUMITE 2011

Íslandsmeistaramót fullorðinna í kumite var haldið í dag, laugardaginn 19.nóvember, í Fylkissetrinu Norðlingaholti. Yfir 60 keppendur frá 8 félögum mættu til leiks í einstaklingskeppni og 5 lið í sveitakeppni karla. Margir mjög skemmtilegir bardagar sáust í dag og var hart barist í þeim öllum. Í kvennaflökkni stóð Telma Rut Frímannsdóttir, Afturelding, sig best en hún vann bæði -61kg flokkinn og opna flokk kvenna með því að leggja alla sína andstæðinga að velli. Í úrslitaviðureign í opnum flokki mætti hún Aðalheiði Rósu Harðardóttur, Akranes, sem hefur verið hennar helsti mótherji í kumite hér heima. Með þessu þá varði Telma báða titla sína frá því í fyrra en Telma hefur verið nær ósigrandi hér heima í kumite.

Í karlaflökkji þá var það Diego Björn Valencia, Víking, sem stóð uppi sem ótvíræður sigurvegari dagsins enda varð hann þrefaldur Íslandsmeistari, endurtók hann leikinn frá 2009 en þá varð hann einnig þrefaldur meistari. Í +84kg flokki þá lagði hann félaga sinn úr Víking, Andra Val Guðjónssen en í opnum flokki þá mætti hann öðrum félaga sínum úr Víking, Kristjáni Helga Carrasco, sem hann lagði í bráðskemmtilegri viðureign sem var að matri allra sú besta sem sást á Íslandsmeistaramótinu. Í sveitakeppni karla þá mættu lið Hauka liði Víkings í úrslitaviðureigninni. Skemmt er frá því að segja, að Víkingspiltar lögðu Haukastráka nokkuð örugglega og urðu með því Íslandsmeistarar í liðakeppni karla. Það voru þeir Diego Björn Valencia, Kristján Helgi Carrasco og Andri Valur Guðjónsen sem skipuðu liðið. Eftir að öll stig dagsins voru talin saman þá stóð Víkingur uppi sem Íslandsmeistari félag í kumite fullorðinna. Var það nokkuð verðskuldað enda stóðu liðsmenn Víkings sig mjög vel í dag. Yfirdómari á mótinu var Helgi Jóhannesson.



Á myndinni eru Íslandsmeistara dagsins, eftir röð frá vinstri; Andri Valur Guðjónsen, Kristján Ó. Davíðsson, Kristján Helgi Carrasco, Helena Montazeri, Pétur Rafn Bryde. Í neðri röð Diego Björn Valencia og Telma Rut Frímannsdóttur.

Íslandsmeistarar urðu;

Kumite kvenna -61kg; Telma Rut Frímannsdóttir, Afturelding

Kumite kvenna +61kg; Helena Montazeri, Víkingur

Kumite kvenna opinn flokkur; Telma Rut Frímannsdóttir, Afturelding

Kumite karla -67kg; Kristján Helgi Carrasco, Víkingur

Kumite karla -70kg, Kristján Helgi Carrasco, Víkingur

Kumite karla -74kg; Kristján Ó. Davíðsson, Haukar

Kumite karla -84kg; Pétur Rafn Bryde, Víkingur

Kumite karla +84kg; Diego Björn Valencia, Víkingur

Kumite karla opinn flokkur; Diego Björn Valencia, Víkingur

Kumite liðakeppni karla; Víkingur (Diego Björn Valencia, Kristján Helgi Carrasco, Andri Valur Guðjónsen).

Íslandsmeistarar félaga í kumite fullorðinna; Víkingur

Heildar úrslit mótsins urðu:

Kumite kvenna -61kg

1. Telma Rut Frímannsdóttir Afturelding

2. Aðalheiður Rósá Harðardóttir Akranes

3. Nína Ingólfssdóttir Víkingur

Kumite kvenna +61kg

1. Helena Montazeri Víkingur

2. Þórunn Orradóttir Víkingur

3. Guðrún G Björnsdóttir Þórshamar

Kumite kvenna opinn flokkur

1. Telma Rut Frímannsdóttir Afturelding

2. Aðalheiður Rósá Harðardóttir Akranes

3. Helena Montazeri Víkingur

Kumite karla -67kg

1. Kristján Helgi Carrasco Víkingur

2. Elías Guðni Guðnason Fylkir

3. Heiðar Benediktsson Breiðablik

3. Sverrir Magnússon KFR

Kumite karla -75kg

1. Kristján Ó Davíðsson Haukar

2. Guðbjartur Ísak Ásgeirsson Haukar

3. Elías Snorrason KFR

3. Ragnar Eyþórsson Breiðablik

Kumite karla -84kg

1. Pétur Rafn Bryde Víkingur

2. Eggert Ólafur Árnason Fylkir

3. Goði Ómarsson KFR

Kumite karla +84kg

1. Diego Björn Valencia Víkingur

2. Andri Valur Guðjónsen Víkingur

3. Hafþór Ómar Sæmundsson Fylkir

3. Bergþór Vikar Geirsson Fylkir

Kumite karla opinn flokkur

1. Diego Björn Valencia Víkingur

2. Kristján Helgi Carrasco Víkingur

3. Kristján Ó Davíðsson Haukar

3. Hjálmar Þór Jensen fylkir

Kumite liðakeppni karla

1. Kristján, Diego, Andri Víkingur

2. Kristján, Guðbjartur, Helgi Haukar

3. Eyþór, Ragnar, Magnús Breiðablik

3. Elías, Sverrir, Sigurður KFR

Heildarstig félaga:

Víkingur 29

Haukar 10

Fylkir 7

Afturelding 6

KFR 5

Breiðablik 4

Akranes 4

Þórshamar 1

Fjölnir 0